



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar

FUNDUR – 28. febrúar 2007

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd miðvikudaginn 28. febrúar kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Upprekstur hrossa frá Blönduósi, greinargerð Stefáns Ólafssonar lögmanns. Farið var yfir greinargerð Stefáns þar sem álit hans er að búfjáreigendur á Blönduósi hafi ekki upprekstrarétt og því sé ekki hægt að leggja á þá fjallskilagjald nema sveitarstjórn heimili upprekstur þeirra sérstaklega, sbr. 10. gr. laga nr. 6/1986. Þá væri heimilt að innheimta hjá þeim gjald fyrir afréttarnot.

Landbúnaðarnefnd leggur til að búfjáreigendum á Blönduósi verði heimilaður upprekstur hrossa á afréttarlönd sveitarfélagsins. Þeir greiði hagagjald fyrir þau hross sem rekin eru ár hvert og skulu sækja um áður en rekið er. Hagagjald þetta verður hærra en gjald sem lagt er á stóðhross á lögbýlum enda er það gjald lagt á skv. forðagæsluskýrslum óháð afréttarnotum. Auk þess greiða eigendur lögbýla landgjald til fjallskilasjóðs sem búfjáreigendur á Blönduósi greiða ekki.

Búfjáreigendum á Blönduósi sem nýta afréttinn verður jafnframt gefinn kostur á að taka göngur og komi gangnakaup til frádráttar fjallskilum eins og hjá búfjáreigendum á lögbýlum.

2. Taka stóðhests í Skrapatungurétt síðastliðið haust. Bjarni Stefánsson sýslumaður og Kristján Þorbjörnsson lögregluþjónn mættu á fundinn. Afgreiðsla bókuð í trúnaðarbók.

Þórður Pálsson varð að víkja af fundi fyrir 3. lið, önnur mál.

3. Rafn Sigurbjörnsson oddviti Skagabyggðar mætti á fund landbúnaðarnefndar til að ræða kostnaðarskiptingu sveitarfélaganna varðandi Skrapatungurétt. Fram kom að búfjárfjöldi í Vindhælishreppi hinum forna er heldur minni en í Blönduóssbæ. Auk þess eru 12 dilkar í réttinni merktir bæjum í Blönduóssbæ á móti 9 dilkum í Vindhælishreppi hinum forna. Mun færri fé kemur í réttina frá bæjum í fyrrum Vindhælishreppi enda er stór hluti afréttar þeirra smalaður niður úti á ströndinni. Skagabyggð hefur síðan hafið byggingu réttar á Kjalalandi til að rétta þar fé sem kemur niður á ströndinni. Því hefur Skagabyggð óskað eftir því að kostnaðarskipting sem verið hefur til helminga, verði endurskoðuð og kom Rafn með munnlega tillögu um að Blönduóssbær sæi um 60% kostnaðar og Skagabyggð 40%. Myndi sama skipting gilda um tekjur af réttinni.

Ákveðið var að skoða betur rekstrarkostnað réttarinnar áður en nefndin afgreiddi málið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Gauti Jónsson
Þórður Pálsson
Ragnar Ingi Tómasson

Anna Margrét Jónsdóttir